

Ed.

134. Frumvarp til laga

[105. mál]

um breyting á lögum nr. 82 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Í stað orðanna: „10 krónur“ í a-lið 4. gr. komi: 25 krónur, og í stað orðanna „10 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 25 krónum.

2. gr.

Á eftir seinni málsgrein 15. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú hrekkur fé einstakra deilda samkvæmt 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögnum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði hækkuð úr 10 kr. í 25 kr. fyrir hvern íbúa. Ef frumvarpið verður að lögum, munu tekjur sjóðsins aukast um 6 milljónir króna, en þær skiptast milli deilda samkvæmt 9. gr. laganna.

Tildrög þeirrar hækkunar, er frumvarpið gerir ráð fyrir, eru þau m. a., að framlögin hafa ekki verið hækkuð til samræmis við verð og kauphækkanir í landinu. Þótt frumvarpið yrði að lögum, væri framlagið pr. íbúa mun lægra en það var upphaflega, sé miðað við vísitölu framfærslukostnaðar eða tímakaup verkamanna.

Hið erfiða árferði í landbúnaði hefur orðið Bjargráðasjóði þungur baggi og er sjóðnum fyrirsjáanlega ókleift að rísa undir þeim byrðum, nema sú hækkun komi til, er frumvarpið gerir ráð fyrir. Enn fremur varð bátatúngerðin fyrir Norðurlandi fyrir verulegu veiðarfæratjóni af völdum hafiss á s. l. vetri, og er nauðsynlegt að sjóðurinn geti veitt aðstoð af þeim sökum.

Meðal almennings er fyrir hendi vaxandi skilningur á gildi sjóðsins fyrir þjóðfélagið. Ef harðari verður vegna ísa, kals eða hamfara náttúrunnar svo sem snjóflóða, jarðskjálfta, eldgosa, eða annars, verður að vera hægt að mæta slíkri óáran með öflugri aðstoð Bjargráðasjóðs.

Með ákvæði 2. gr. frumvarpsins er lagt til, að tekinn sé af allur vafi um lög-mæti þess, að lánað sé frá einni deild sjóðsins til annarrar, þegar fé einhvern deildar hrekkur ekki til, svo sem gert var á síðasta ári.